Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Bæjarráð Akureyrar
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri, 25.5.2020
Tilv.: 2004001

Efni: Verkefnasjóður Háskólans á Akureyri – Akureyrarsjóður.

Með vísan í bréf dags. 30.3.2020 þar sem undirritaður óskaði eftir framlagi til Akureyrarsjóðs fyrir árið 2020 var einnig óskað eftir auknu framlagi frá Akureyrarbæ frá og með 2021. Einhvers miskilnings virðist gæta um að við höfum ekki óskað framlags fyrir árið 2020. Samningur um Akureyrarsjóð milli Háskólans og Akureyrarbæjar rann út um síðustu áramót og því eru engin framlög fyrir 2020. Háskólinn óskar eftir að fá óbreytt framlag fyrir 2020, en að það framlag verði síðan hækkað frá og með 2021 í samræmi við verðlagsþróun og upphæðir á árunum 2015-16.

Við biðjumst velvirðingar á þeim misskilningi og tekur undirritaður alla ábyrgð á þeim mistökum, með von um að Akureyrarbær sjái sér fært að standa við bakið á Akureyrarsjóði árið 2020 með sama hætti og verið hefur undanfarin ár.

Þess má einnig geta í þessu samhengi að Eyþing skar niður stuðning á síðasta ári til HA um 1,8 milljónir vegna bókasafnsverkefnis. Ekki hefur til þessa fundist flötur á öðrum stuðningi gegnum Eyþing / SSNE. Rekstur Háskólans á Akureyri er eins og ykkur er kunnugt um í járnum sem hindrar möguleika á fjármögnun ýmissa þróunarverkefna.

Með bestu kveðjum,

Hólmar Svansson
Framkvæmdastjóri HA